

Olíudreifing ehf
Hólmahlóð 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. janúar 2020
UST201901-239/H.E.
08.06.02


Efni: Reglubundið eftirlit, 21. nóvember 2019, hjá birgðastöð Olíudreifingar á Ísafirði.

Þann 21. nóvember sl. fór fram eftirlit í birgðastöð Olíudreifingar á Ísafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og en einni ábendingu var komið á framfæri sem brugðist var strax við.

Virðingarfyllst


Halla Einarasdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf Ísafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N66 04,183 V23 07,421

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í birgðastöð Olíudreifingar á Ísafirði. Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá starfsleyfi en einni ábendingu komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Skráningar skv. grein 3.1
2. Eftirlitsmælingar skv. grein 3.2
3. Rekstrarhandbók skv. grein 3.3
4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 4.4
5. Tilkynningar mengunaróhappa sbr. grein 4.5
6. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 4.6
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

1. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð (rekstrarhandbók). Vel er haldið utan um skráningarnar og gott utanumhald á eftirlit með olíuskilju. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð síðan árið 2015 en gott skráningarkerfi er á athugasemdum og rekstrarupplýsingum í miðlægu skráningarkerfi. Þjálfunarnámskeið eru haldin reglulega fyrir starfsmenn birgðastöðva og skýrar verklagsreglur og námsefni er í starfsmannahandbók. Farið var yfir reikninga fyrir móttöku úrgangs.

2. Þrjú gasollugeymar eru í stöðinni (þar af einn með litaðri gasolíu), Einn fyrir MD og einn fyrir úrgangsolíu. Þeir voru botnþykktarmældir árið 2013 og ber því að botnþykktarmæla þá að nýju árið 2023. Fjórar lagnir voru þrýstiprófaðar í lok árs 2018 (400.50.00, 400.60.00, 400.61.00 og 400.96.00) og stóðust þrýstipróf (sjá bréf Umhverfisstofnunar 17. janúar 2019). Aðrar lagnir eru ofanjarðarlagnir innan lekavarnaþróar og því ekki gerð krafa um þrýstiprófanir á 5 ára fresti. Þær voru þrýstiprófaðar árið 2013 áður en þær voru teknar í notkun.

Mælingar eru gerðar reglulega á olíu frá olíuskilju með strip test (mánaðarlega). Sjálfvirkur loki er á lekavarnaþrónni sem tengdur er viðvörunarkerfi í starsmannaaðstöðu. Tengingar og úrtök eru skoðuð mánaðarlega.

3. Vel er haldið utan um skráningar á mánaðarblöðum í starfsstöðinni þar sem að stöðvarstjóri kvittar fyrir eftirlit, viðhald og mælingar á mengunarvarnaþúnaði. Skráningablöðin og fleiri upplýsingar eru svo skráðar í miðlægan gagnagrunn Olíudreifingar og reglulegar innri úttektir gerðar af stjórnendum.

4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni.

5. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar í eftirlitinu og er rekstraraðili hvattur til að aðlaga þær að viðbragðsáætlunum eins og þörf er á. Mengunaróhöpp skulu tilkynnt á ust@ust.is

6. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR hefur verið send til Umhverfisstofnunar.

7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli

miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat og var það kynnt rekstraraðilla í eftirlitinu. Sambærilegt áhættumat var unnið fyrir stöðina árið 2015 þar sem að Olíudreifing óskaði eftir minnkaðri tíðni á grundvelli þess að þeir starfa skv. vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og höfðu verið án frávíka í fjögur ár. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka saman heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Í skoðunarferð var gerð prófun á olíuskiljunni með strip-prófi og á sjálfvirka lokanum. Bæði prófin stóðust. Búið er að koma fyrir fráleggsplani tengdu olíuskilju fyrir úrgangsolíu á lóðinni. Spilliefnum er safnað saman í viðurkennt spilliefnakar sem geymt er inni í gámi á lóðinni. Í gámnum var olíutunna án fullnægjandi lekavarna. Undantöppunarvökva er safnað saman í 1000 L plasttank (bamba) sem staðsettur er innan þóar en losað þaðan í gegnum olíuskilju.

ÁBENDINGAR

Í efnageymslu var spilliefnabrusar og olíutunna án viðeigandi lekavarna (lekabyttu). Beint var til rekstraraðila að setja lekabyttu undir olíutunnuna og var brugðis við því strax að eftirliti loknu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2020


Halla Einarsdóttir